

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. júní 2022
Málsnúmer: 202205-0036
SS/SBR

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við strenglagningu um Hamarsfjörð.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 24. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd RARIK á lagningu rafstrengs um leirur í Hamarsfirði séu háðar mati á umhverfisáhrifum skv. viðmiðum í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Þar sem leirur í Hamarsfirði falla undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013, um sérstaka verndun, þarf að rökstyðja vandlega þörfina á að leggja strenginn um leirurnar með tilheyrandi raski og bera saman við aðra valkosti. Best hefði verið ef skoðaður hefði verið valkostur í samانبurði þar sem veginum er fylgt alls staðar þar sem það felur ekki í sér mikið viðbótarrask eins og fleygingar eða sprengingar á klettabeltum. Við Henglavíkur þarf að hlífa fornminjum nálægt vegstæðinu og við Urðarhjalla er væntanlega þörf á sprengingum. En vestan við Urðarhjalla þar sem grynnt er á leirur og önnur ósnortin gróðurlendi eru til staðar, hefði mátt skoða að fylgja veginum í stað þess að leggja strenginn beint yfir ósnortna svæðið. Sá valkostur er ekki til umfjöllunar.

Ekki er um stóran streng að ræða og jarðvegsskipti eru ekki áformuð. Rask sem fylgir framkvæmdinni er því ekki umtalsvert þó um viðkvæmt svæði sé að ræða. Rask sem verður á framkvæmdartíma ætti að vera að mestu afturkræft en mikilvægt er að framkvæmdaraðili lágmarki umferð utan línuleiðar til þess að lágmarka slíkt rask. Mikilvægt er að engin breyting verði á halla lands eftir lagningu rafstrengs þar sem leirusvæði eru í eðli sínu mjög flatlend og því geta staðbundnar breytingar í landslagi haft áhrif á vatnsskipti og far tegunda og þannig valdið eðlisbreytingum á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun telur að þótt rökstyðja hefði mátt betur hvers vegna aðrir valkostir voru ekki skoðaðir sem hefðu valdið minna raski á leirum, þá eru væntanleg umhverfisáhrif af framkvæmdinni ekki það umfangsmikil að þörf sé á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



